

Viðbragðs og rýmingaráætlun vegna brunaboðunar í Grandaborg

- Leikskólastjóri og/eða aðstoðarleikskólastjóri kanna hver eru orsök fyrir að bunaboði fer í gang.
- Tilkynna deildarstjórum **EF** um eld er að ræða og þá er rýmingu hrundið af stað.
- Leikskólastjóri, eða staðgengill hans, hefur samband við Öryggismiðstöðina ef enginn eldur er.
- Deildarstjórar og starfsmenn rýma deildir út um næstu neyðardyr/- glugga og fara á sinn stað úti. Starfsmenn eldhúss aðstoða yngri deildir.
Fara í skó og yfirhafnir **EF** aðstæður leyfa.
- Starfsmenn og börn, Fjöruvíkur og Bergvíkur (Ölduvík og Skeljavík) leita sér skjóls á grassvæði við bílastæði leikskólans.
Starfsmenn og börn Klettavíkur leita sér skjóls á hól á stóru lóð leikskólans.
- Allar deildir taka með sér Ipad – síma með viðverulista barna þar sem er að finna helstu upplýsingar um börnin.
- Leikskólastjóri / aðstoðarleikskólastjóri hringir í neyðarlínuna, 112 og lokar hurðum þar sem eldurinn er / rjúfa straum.
Tilkynna staðsetningu leikskólans og hvar eldurinn er.
- Deildarstjórar / staðgenglar tilkynna leikskólastjóra hvort einhverjir einstaklingar hafi orðið eftir inni.
- Leikskólastjóri eða staðgengill hans tekur á móti slökkviliði og gefur stjórnanda slökkviliðs nauðsynlegar upplýsingar. Hvort og hversu margir hafa orðið eftir inni og hugsanleg staðsetning þeirra. Eftir það tekur slökkvilið við stjórn á vettvangi.
- Leikskólastjóri og/eða aðstoðarleikskólastjóri hafa samband við foreldra / forráðamenn barna til að tryggja að upplýsingar um atburð berist eftir réttum leiðum.
- Alltaf þarf að hafa yfirvegað og öruggt fas, þar sem börnin verða hrædd ef fullorðnir sýna merki um ótta.